



Reglur Akureyrarbæjar um verklag vegna uppljóstrana og vernd uppljóstrara

1. gr.

Gildissvið og markmið

Reglur þessar gilda um starfsfólk Akureyrarbæjar sem greinir í góðri trú frá upplýsingum eða miðla gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Akureyrarbæjar.

Markmið reglnanna er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíkri háttsemi og auk þess að tryggja vernd starfsfólks sem í góðri trú greinir frá slíkri háttsemi gegn t.d. uppsögn úr starfi eða skerðingu á réttindum.

2. gr.

Skilgreiningar

Innri uppljóstrun: tilvik þegar starfsmaður, í góðri trú, greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Akureyrarbæjar til vinnuveitanda síns eða til opinbers eftirlitsaðila.

Ytri uppljóstrun: tilvik þegar starfsmaður, í góðri trú, greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Akureyrarbæjar, til aðila utan bæjarins, t.d. fjölmiðla.

Góð trú: þegar starfsmaður hefur góða ástæðu til að ætla að gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er séu réttar, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

Ámælisverð háttsemi: háttsemi sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. háttsemi sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

Starfsmaður / starfsfólk: sá sem hefur eða hefur haft aðgang að gögnum eða upplýsingum vegna hlutverks síns, þ.m.t. ráðinn, settur, skipaður, sjálfstætt starfandi verktaki, stjórnarmaður, starfsnemi, tímabundinn starfsmaður og sjálfboðaliði.

Uppljóstrari: Sá starfsmaður skv. framangreindri skilgreiningu, sem í góðri trú greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitanda síns.

3. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu um hugsanleg lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi

Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar.

Starfsfólki Akureyrarbæjar er heimilt, í góðri trú, að tilkynna, greina frá upplýsingum eða miðla gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi bæjarins sem stuðlað getur að því að látið verði af eða brugðist við hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi. Einnig er heimilt að tilkynna beint til lögregluyfirvalda eða annarra opinberra eftirlitsaðila sem við eiga.

Sé um innri uppljóstrun að ræða er hægt að miðla upplýsingum í gegnum innri gátt eða í gegnum form á starfsmannagátt. Miðlun getur einnig verið til næsta yfirmanns eða bæjarlögmanns.

Hægt er að óska eftir því að tilkynna undir nafnleynd. Móttakanda tilkynningar er skylt að stuðla að því að látið verði af hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi eða brugðist á annan hátt við henni. Greina skal starfsmanni frá því, eigi síður en innan eins mánaðar, hvort upplýsingarnar hafi orðið tilefni til athafna og þá hverra. Um málsmeðferð fer samkvæmt meginreglum stjórnisýsluréttarins, s.s. um hæfi, skráningu máls og rannsókn þess.

Móttakandi upplýsinga eða gagnanna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema hinn síðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt.

Hafi innri uppljóstrun ekki leitt til fullnægjandi viðbragða er starfsmanni heimilt í góðri trú að miðla umræddum upplýsingum eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu.

Slík miðlun telst einnig heimil í algjörum undantekningartilvikum þegar innri uppljóstrun kemur af gildum ástæðum ekki til greina. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir vinnuveitanda eða annarra verða að víkja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að vernda:

1. öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,
2. efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
3. heilsu manna,
4. umhverfið.

Móttakandi upplýsinga eða gagna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema viðkomandi veiti afdráttarlaust samþykki sitt.

4. gr.

Vernd uppljóstrara

Miðlun upplýsinga skv. reglum þessum og að fullnægðum skilyrðum ákvæða laga nr. 40/2022 telst ekki brot á þagnar- og trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundin af skv. lögum, siðareglum eða samningum. Slík tilkynning leggur hvorki refsine né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til stjórnsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmanna- eða vinnurétti.

Óheimilt er að láta starfsmann sæta óréttlátri meðferð sem miðlað hefur upplýsingum skv. reglum þessum og lögum nr. 40/2022, s.s. með því að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt.

Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsmanns með tilliti til hvort þess tilkynning og miðlun upplýsinga hafi verið óheimil eða ef starfsmaður er látinn sæta óréttlátri meðferð í kjölfar hennar skal veita starfsmanninum gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsmaður hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.

Starfsmaður nýtur verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara, eftir að hlutverki hans lýkur hjá Akureyrarbæ.

5. gr. Eftirlit

Bæjarlögmaður skal hafa eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Bæjarlögmaður ber ábyrgð á að málsmeðferðarreglum sé fylgt.

6. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 2. mgr., sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði 1. febrúar 2024

Samþykkt í bæjarstjórn 6. febrúar 2024